

Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 12. apríl 2021 og hófst hann kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Ásgrímur Angantýsson og Steinunn Stefánsdóttir. Anna Sigríður Þráinsdóttir var fjarverandi. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Málstefna send til umsagnar

Sjö umsagnir bárust við drög að málstefnunni, þ.e. frá Ara Páli Kristinssyni, Bandalagi Þýðenda og túlka, Eiríki Rögnvaldssyni, Guðrúnu Kvaran, Kristínu M. Jóhannsdóttur, Sigríði Sigurjónsdóttur og Sölva Birni Sigurðssyni. Frekari athugasemda er að vænta frá ráðuneytinu. Á stjórnarfundum Íslenskrar málnefndar í maí verður unnið úr þeim athugasemdum sem borist hafa.

2. Fundur í fullskipaðri málnefnd 15. apríl

Fundur í fullskipaðri málnefnd verður haldinn 15. apríl. Fundurinn hefst með því að formaður segir frá starfi nefndarinnar. Því næst verða umræður um málstefnuna og verður fundarmönnum skipt í þrjá hópa og tekur hver hópur fyrir ákveðna kafla málstefnunnar. Að lokum verður stutt kynning á athugasemdum hópanna.

3. Málræktarþing

Málræktarþing Íslenskrar málnefndar verður haldið í Þjóðminjasafninu 30. september og hefur yfirskriftina Íslenskukennsla á 21. öld. Kynnt verður ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2021 og eftirtaldir halda erindi: Hanna Óladóttir, Hjalti Halldórsson, Jón Yngvi Jóhannsson, Renata Emilsson Peskova og Halldóra Sigtryggisdóttir. Afhending viðurkenningar Íslenskrar málnefndar.

4. Ályktun um stöðu tungunnar

Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2021 er samþykkt með fyrirvara um breytingar.

5. Málstefna íslenska tákn málsins

Tölvuskeyti barst frá starfshópi um málstefnu íslenska tákn málsins þar sem greint var frá viðbrögðum mennta- og menningarmálaráðuneytisins við drögum að málstefnu tákn málsins.

6. Önnur mál

a. [Endurskoðun málstefnu Norðurlanda](#)

Tungumálayfirlýsingin (Yfirlýsing um málstefnu Norðurlanda) var samþykkt 2006 og er nú unnið að endurskoðun hennar. Fundað hefur verið um endurskoðun yfirlýsingarinnar í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og netverk norrænu málnefndanna hefur sent sameiginlega athugasemdir til Norrænu ráðherranefndarinnar.

b. *Svar frá Veðurstofu Íslands*

Íslenskri málnefnd barst ábending um að Twitter-reikningur Veðurstofu Íslands (@Vedurstofan) sé næstum eingöngu á ensku. Veðurstofunni var sent bréf 2. mars 2021 þar sem hún var hvött til að tista jafnframt á íslensku. Svar barst frá Veðurstofunni 10. mars þar sem fram kom að nú væri tíst á íslensku og ensku og að það væri metnaður Veðurstofunnar að vera íslenskunni til sóma á miðlum stofnunarinnar.

c. Skrekkur

Íslensk málnefnd óskaði Langholtsskóla til hamingju með sigurinn í Skrekk í ár og ekki síst að syngja á íslensku. Vakin var athygli á því á Twitter-reikningi málnefndarinnar (@malnefnd) 17. mars.

d. Netfang Íslenskrar málnefndar

Ábending barst um að það vanti netfang fyrir Íslenska málnefnd á heimasíðu hennar islenskan.is. Ákveðið var að bregðast við þessari ábendingu og fá netfang.

e. Eyðublöð á ensku

Bréf barst þar sem óskað var eftir álitni Íslenskrar málnefndar á því hvort Ríkisskattstjóra sé heimilt að senda Íslendingum eyðublöð á erlendu tungumáli án þess að í boði sé samsvarandi eyðublöð og leiðbeiningar á íslensku eða túlkajónusta löggilds skjalapýðanda. Í svari Íslenskrar málnefndar kemur fram að skilningur málnefndarinnar á þessari lagagrein sé sá að Ríkisskattstjóra og bönkum beri ótvíræð skylda til að veita þjónustu á íslensku, sbr. 8. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 17:55.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.